

50. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn þriðjudaginn 19. mars 2024 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Berglind Kristjánsdóttir, fulltrúi Keilis
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar
Sindri Gíslason, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Þorvaldur Örn Árnason, varafulltrúi SSS

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð. Berglind Kristjánsdóttir, nýr fulltrúi Keilis í stjórn var boðin velkomin á sinn fyrsta fund.

Dagskrá fundarins:

1. Starfsáætlun 2024

Forstöðumaður fór í stuttu máli yfir starfsáætlun ársins sem hefur verið send ráðuneytinu og sett á vefsíðu setursins. Mikið verður um að vera á árinu, þegar hafa margir erlendir skólahópar komið í heimsókn og gert er ráð fyrir fullbókuðu sumri háskólanema og vísindamanna í aðstöðu setursins. Tveir INTERACT hópar munu dvelja í Þekkingarsetrinu í sumar. Þá verður Fróðleiksfúsi í fyrsta skipti í boði fyrir skólahópa og gesti sýninganna í sumar.

2. Uppgjör viðhaldsframkvæmda 2023 og viðhaldsáætlun 2024

Forstöðumaður fór yfir viðhaldsframkvæmdir síðasta árs, sem snéru að endurnýjun salerna starfsfólks á neðri hæð. Nýta þurfti hluta af fjármagni þessa árs í þær framkvæmdir og verður það sem eftir stendur nýtt í málningarvinna. Stjórn samþykkti að fjármagn sem venjulega hefði verið fært yfir á viðhaldsreikning tækjabúnaðar, yrði haldið eftir í ljósi þess að síðustu tvö ár hefur tækjabúnaðurinn ekki þarfnast viðhalds og peningur safnast upp.

3. Ný verkefni og breytingar á skipulagi

Forstöðumaður sagði frá nýjum verkefnum sem ýmist eru byrjuð eða í undirbúningi. Má þar til dæmis nefna vinnu fyrir Fjölbrautaskóla Suðurnesja vegna yfirfærslu námsbrauta frá Keili, og verkefnið POLARIN sem er styrkt af Evrópusambandinu og kemur til vegna þátttöku Þekkingarsetursins í INPA – INTERACT Non-Profit Association. Verkefnið mun meðal annars bjóða upp á styrki til vísindamanna til transnational verkefna, líkt og INTERACT gerir.

Forstöðumaður er kominn til baka úr leyfi og verða smávægilegar breytingar gerðar á innra skipulagi í kjölfar þess varðandi ákveðin verkefni sem tengjast fræðslu og miðlun, sem Daníel Hjálmtýsson mun nú sjá um.

4. Sumarið

Aron og Sigrún munu sjá um gestamóttöku í Þekkingarsetrinu í sumar líkt og síðustu ár. Mikill fjöldi háskólanema og vísindamanna mun dvelja í setrinu svo mikið verður um að vera.

5. Önnur mál

- a) Rögnvaldur Ólafsson, varamaður í stjórn fyrir Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum er látinn. Eitt af hans mörgu verkefnum var að stuðla að stofnun Þekkingarsetursins og sitja í stjórn þess frá upphafi. Stjórn vottar fjölskyldu Rögnvaldar innilega samúð vegna fráfalls hans.
- b) Ársfundur Þekkingarsetursins verður haldinn miðvikudaginn 22. maí kl. 15:00. Stjórnarfundur verður sama dag kl. 14:30.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir - Sign

Berglind Kristjánsdóttir - Sign

Sindri Gíslason - Sign

Þorvaldur Örn Árnason - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign